

Nd.

346. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Eggert Haukdal, Steinþór Gestsson, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Albert Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson, Geir Hallgrímsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. 7. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Af innheimtum söluskatti af bensíni tímabilið 1. mars til 31. desember 1982 skulu renna kr. 0.09 af hverjum lítra til framkvæmda í vegamálum 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir gegndarlaust okur á bensíni á bifreiðar hefur bensíngjald til framkvæmda í vegamálum farið síminnkandi sem hlutfall af útsöluverði. Margföldun á innkaupsverði á bensíni hefur í vaxandi mæli verið notuð til öflunar fjár í eyðsluhít ríkissjóðs. Í byrjun þessa mánaðar hækkaði hver lítri bensíns um eina krónu, eitt hundrað g.kr. Af þeirri hækkun runnu kr. 0.39 í bensíngjald, en á þær kr. 0.39 var lagður söluskattur að upphæð kr. 0.09. Með frv. þessu er lagt til að sú fjárhæð renni til framkvæmda í vegamálum og nemur sú upphæð í 10 mánuði um 9 millj. kr.

Framkvæmdir í vegamálum eru vafalaust arðbærustu framkvæmdir, sem lagt er í, næst á eftir virkjun vatnsafls og stóriðjuframkvæmdum. Nú liggur hins vegar fyrir að stórkostlegar fjárhæðir skortir á til þess að framkvæma megi nógildandi vegáætlun, hvað þá meira. Þótt hér sé aðeins lagt til að lög þessi gildi á árinu 1982, ber brýna nauðsyn til að taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar og stórauka þátt vegaf framkvæmda í tekjum af umferðinni.

Það skal fram tekið, að eftirtaldir þingmenn í Ed. hafa lýst yfir fullu samþykki sínu við tillögugerð þessa: Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Bensínsala 1972—1982, verðlag, bensíngjald og hlutfall bensíngjalds af opinberum gjöldum, sem á bensín eru lögð:

Ár	Bensín- sala millj. lítra	Bensínverð 31/12 N.kr. pr. lítra	Bensíngjald pr. lítra	Hlutfall verði	Hlutfall af opinberum gjöldum
1972	86.9	0.16	0.08	50%	73%
1973	96.5	0.26	0.10	38%	62%
1974	103.3	0.49	0.16	33%	52%
1975	104.5	0.60	0.16	27%	46%
1976	105.8	0.80	0.19	24%	42%
1977	116.3	0.93	0.23	25%	44%
1978	121.9	1.81	0.48	27%	46%
1979	117.8	3.70	0.71	19%	36%
1980	118.8	5.95	1.24	21%	38%
1981		8.45	1.70		
6/2 1982		9.45	2.09		40%
Skv. frv.		9.45	2.18		42%
		Bensínverð 8. febr. 1982.			
Cif-verð				2.74	29.0%
Opinber gjöld					
Bensíngjald			2.09		
Tollur			1.20		
Söluskattur			1.80		
Annað			0.16	5.25	55.5%
Dreifingarkostnaður				1.01	10.7%
Verðjöfnunargjald				0.11	1.2%
Tillag til innkaupareiknings				0.34	3.6%
				<hr/>	
				9.45	100.0%